



Ársskýrsla stjórnar Fjöruverðlaunanna – bókmenntaverðlauna kvenna á Íslandi 2019

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna á Íslandi, héldu áfram að dafna á árinu.

Allt frá stofnun félagsins 2014 árin hefur verið unnið við að straumlínulega rekstur Fjöruverðlaunanna og koma á föstum styrktarlínunum, sem þýðir að öll umsýsla og undirbúningur er auðveldari og framtíð verðlaunanna því tryggari.

Á þeim fimm árum sem liðin eru frá stofnun félagsins, hefur stjórn tekist að hagræða svo sannarlega í umsýslu verðlaunanna, svo kostnaður við þau hefur fallið frá 307.847 kr. á starfsárinu 2014–2015 niður í 124.885 kr. á starfsárinu 2018–2019.

2014–2015:	307.847 kr.
2015–2016:	286.666 kr.
2016–2017:	259.366 kr.
2017–2018:	150.956 kr.
2018–2019:	124.885 kr.

Þó er ljóst að ekki er hægt að skera meira við nögl, bráðnauðsynlegt er að tryggja fasta fjármögnun til umsýslu Fjöruverðlaunanna svo þau leggist ekki af.

Á síðasta starfsári fengu verðlaunin frábæra gjöf frá auglýsingastofunni Pipar/TBWA sem hannaði nýtt merki verðlaunanna sem hægt er að líma á tilnefndar bækur og verðlaunabækur, og vísar nýja merki í hugmyndasögu verðlaunanna, til þeirrar hugmyndar að eftir jólabókaflóðið komi fjaran þegar bókmenntaperlurnar glitra í sandinum. Erla Gerður Viðarsdóttir teiknaði nýtt merki Fjöruverðlaunanna. Á árinu samþykkti stjórn reglur um notkun merkisins í samstarfi við Erlu. Pipar/TBWA heldur utan um grafíska hönnun merkisins og tilnefninga- og verðlaunaskjalda og gerir nýja skildi árlega fyrir verðlaunabækur, félaginu að kostnaðarlausu. Svo reyndist einnig vera í ár.

Frá upphafi verðlaunanna hafa Fjöruverðlaunin látið prenta út límmiða á eigin kostnað og gefið útgefendum. Á þessu starfsári var látið af þeim siði og létu útgefendur prenta út límmiðana á sinn eigin kostnað. Þessi prentun var í umsjón Miðaprents og hafði stjórn Fjöruverðlaunanna góð og mikil samskipti á árinu við prentsmiðjuna og sendi þeim lista yfir útgefendur sem leyfðist að kaupa tilnefningar- og verðlaunalímmiða á árinu. Babb kom í bátinn þegar í ljós kom að eitt bókaforlagið vildi fá límmiða sem auðvelt væri að fjarlægja af bókum, þar sem þau væru hætt að plasta bækur; en í ljós kom að allir límmiðar með gull- og silfurfólú hjá Miðaprenti eru ekki með léttlími og voru því ónothæfir. Límmiðar voru því prentaðir á hvítan miða, en starfsmenn Miðaprents lofuðu að leita að gull- og silfurfólúmiðum með léttlími fyrir næsta starfsár.

Á síðasta starfsári fengu Fjöruverðlaunin veglega gjöf frá listakonunni Koggu, sem styrkir verðlaunin með því að gefa vinnu sína og efniskostnað við gerð verðlaunagripa. Í ár gaf Kogga fimm verðlaunagripa til verðlaunanna.

Á árinu var framlag þessara Erlu Gerðar, Koggu og Pipar/TBWA heiðrað með því að festa merki þeirra á fót vefsíðu verðlaunanna, www.fjoruverdlaunin.is. Var notað tækifæri til að heiðra þar stærsta fasta styrktaraðila Fjöruverðlaunanna, Bókmenntaborgina, sem frá árinu 2014 hefur verið sérlegur verndari verðlaunanna og séð um og fjármagnað verðlaunaafhendingu. Einnig var á árinu nýrri síðu bætt við vefinn sem greinir frá framlagi núverandi og fyrrverandi styrktaraðila.

Styrkbeiðnir til mennta- og menningarmálaráðuneytið og einstök fyrirtæki báru ekki árangur á starfsárinu og lifir félagið á eldri styrkjum sem starfshóp um Fjöruverðlaunin tókst að afla til frá Hlaðvarpasjóði áður en hann var lagður niður 2015 og til styrks sem Landsbankinn veitti nýju félaginu um Fjöruverðlaunin 2017. Ljóst er að bráðnauðsynlegt er að vinna að traustri fjármögnun verðlaunanna til frambúðar, til að tryggja áframhaldandi umsýslu og afhendingu Fjöruverðlaunanna.

Á árinu var tekin sú ákvörðun að halda áfram að straumlínulaga umsýslu Fjöruverðlaunanna. Frá árinu 2014 hefur verðlaunahöfum Fjöruverðlaunanna verið afhent aukaverðlaun í formi gistinotta á Kolkuósi í Skagafirði, í boði Ragnheiðar Jónu Jónsdóttur. Ákveðið var að hætta við að veita aukaverðlaun frá og með árinu 2019, til að einfalda alla framkvæmd. Fjöruverðlaunin hafa aldrei verið peningaverðlaun og ljóst er að þau verða ekki peningaverðlaun nema til komi mikið og samstillt átak stjórnar, félagsmanna, hagsmunaaðila fyrirtækja og opinberra aðila.

Félagar í Félagi um Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna voru 154 undir lok starfsárs.

Starfsárið 2018–2019

Aðalfundur Fjöruverðlaunanna var haldinn 19. september 2018. Ekki voru laus sæti í stjórn félagsins, svo ekki komu til kosninga. Áfram sitja í stjórn Ásbjörg Una Björnsdóttir, Erla E. Völudóttir, Guðrún Birna Eiríksdóttir og Valgerður Þórsdóttir. Formaður er Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir. Skoðunarmenn reikninga voru kosnir Halldóra Sigurdórsdóttir og Védís Skarphéðinsdóttir.

Auglýst var eftir bókum eftir konur að leggja fram til verðlaunanna fyrir 15. október 2018. Dómnefndir verðlaunanna voru fullskipaðar og höfðu sér til fulltingis verklagsreglur. Félag íslenskra bókaútgefenda sá við móttöku bóka frá útgefendum en stjórnarkonur deildu systurlega með sér keyrslu á bókum til dómnefnda, sem hefur undanfarin ár átt sér stað tvisvar á tímabilinu.

Síðustu árin hefur síðasti skilafrestur á eintökum bóka verið í kringum 10. nóvember, en ár var gerð sú tilraun að hafa þann skilafrest 1. nóvember. Sú tilraun reyndist ekki vel og voru margar bækurnar sem komu úr prentun eftir að skilafrestur var liðinn. Í ljósi þess var útgefendum gefið tækifæri að leggja bækurnar samt sem áður fram, svo lengi sem þau sáu um að koma eintökum til dómnefnda. Í samræðum við starfsmenn FÍBÚT sem sjá um umsýslu Íslensku bókmenntaverðlaunanna kom í ljós að síðasti skilafrestur á eintökum hjá þeim var settur eftir fyrstu vikuna í nóvember, og er því ráðlegt að lengja skilafrestinn aftur hjá Fjöruverðlauninum á næsta starfsári.

Alls komu 91 bók til greina til Fjöruverðlaunanna 2019, 27 bók í flokki barna- og unglingsbókmennta, 41 í flokki fagurbókmennta og 23 í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis. Á Borgarabókasafni 3. desember 2018 voru kynntar tilnefningar til verðlaunanna. Dómnefndir komu saman, lásu úrskurði sína og tilnefndu þrjár bækur hver í skemmtilegri veislu þar sem boðið var upp á léttar veitingar. Þessu voru gerð góð skil í öllum helstu fjölmiðlum og netmiðlum.

Þessar bækur og höfundar hlutu tilnefningu til Fjöruverðlaunanna 2019:

Í flokki fagurbókmennta

- *Ástin, Texas* eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur, **sem hlaut verðlaunin**
- *Ungfrú Ísland* eftir Auði Övu Ólafsdóttur
- *Kláði* eftir Fríðu Ísberg



Í flokki barna- og unglingabókmennta

- *Lang-elstur í leynifélaginu* eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur
- *Fíasól gefst aldrei upp* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, **sem hlaut verðlaunin**
- *Sjúklega súr saga* eftir Sif Sigmarsdóttur og Halldór Baldursson

Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis

- *Þjáningarfrelsið – óreiða hugsjóna og hagsmuna í heimi fjölmiðla* eftir Auði Jónsdóttur, Báru Huld Beck og Steinunni Stefánsdóttur, **sem hlaut verðlaunin**
- *Krullað og klippt: Aldarsaga háriðna á Íslandi* eftir Báru Baldursdóttur og Þorgerði H. Þorvaldsdóttur
- *Skiptidagar – Nesti handa nýrri kynslóð* eftir Guðrúnu Nordal

Reykjavíkurborg sem er ein af bókmenntaborgum UNESCO er sérlegur verndari verðlaunanna. Samstarfið er skilmálalaust en stjórn Fjöruverðlaunanna hefur ítrekað við borgina að þau vilji halda sjálfstæði og sjálfræði – eiga sig sjálf. Aðkoma Bókmenntaborgarinnar er að hún mun til framtíðar fjármagna og hýsa verðlaunaafhendinguna.

Fjöruverðlaunin 2019 voru afhent 16. janúar 2019 í húsakynnum borgarinnar í Höfða. Formaður stjórnar stýrði samkomunni, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Bókmenntaborgar UNESCO – Reykjavík ávarpaði gesti, og verðlaunahafar ársins 2018 veittu nýjum verðlaunahöfum verðlaun. Dagskrá athafnarinnar er komin í fastar skorður, stutt og snörp, og athygli á verðlaunahafa. Boðsgestir voru um 76 talsins. Verðlaunahafar árið 2019 fengu áletrað egg hannað af Koggu og blómvönd.

Stjórn og dómnefndir voru sammála um að athöfnin hefði gengið vel og fjölmiðlaumfjöllun var mikil, fulltrúar þriggja sjónvarpsstöðva mættu á svæðið, RÚV, Stöðvar 2 og Hringbraut. Einnig birtist heilsíðu umfjöllun um verðlaunabækur ásamt viðtölum við verðlaunahafa í *Morgunblaðinu* og umfjöllun í *Fréttablaðinu*. Einnig voru tekin viðtöl við verðlaunahafa á Rás 1 og Rás 2.

Um kvöldið bauð stjórnin dómnefndum og velunnurum Fjöruverðlaunanna í veislu á heimili formanns.

Dómnefndir unnu gott og óeigingjarnt starf og þökkum við þeim fyrir.

Í dómnefnd fagurbókmennta sátu Guðrún Lára Pétursdóttir, Jóna Guðbjörg Torfadóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, í dómnefnd fræðibóka og rita almenns eðlis sátu Dalrún J. Eygerðardóttir, Sóley Björk Guðmundsdóttir og Unnur Jökulsdóttir, og í dómnefnd barna- og unglingabókmennta sátu Arnþrúður Einarsdóttir, Guðrún Jóhannsdóttir og Sigrún Birna Björnsdóttir.

Allt samstarf við dómnefndir, Félag íslenskra bókaútgefenda, Borgarbókasafn, Koggu og Reykjavíkurborg gekk vel.

Yfirstandandi og áframhaldandi verkefni

Á aðalfundi 2018 var ákveðið að afhenda á árinu öll gögn Fjöruverðlaunanna til Kvennasögusafns Íslands og vinna betur í vefsíðu félagsins, birta þar t.d. upplýsingar um allar bækur sem tilnefndar hafa verið til Fjöruverðlaunanna til að auka sýnileika rithöfundanna og gefa út sérstaka útgáfu vefsíðunnar á ensku. Þeirri vinnu er ekki enn lokið.